

1959 nr. 18 22. apríl

[Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga]¹⁾

¹⁾ L. 94/1999, 3. gr.

Tóku gildi 31. júlí 1959. Breytt með L. 32/1969 (tóku gildi 10. júní 1969), L. 52/1976 (tóku gildi 11. júní 1976), L. 78/1978 (tóku gildi 1. júní 1978), L. 115/1984 (tóku gildi 31. des. 1984), L. 24/1989 (tóku gildi 23. maí 1989), L. 94/1999 (tóku gildi 27. des. 1999), L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), L. 146/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 167/2011 (tóku gildi 30. des. 2011) og L. 126/2015 (tóku gildi 31. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Heimilt skal [Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga]¹⁾ að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr [80.000].²⁾ Draga skal í 12 flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.]³⁾

b. Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður [ráðherra]⁴⁾ að fengnum tillögum frá stjórn [Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga].¹⁾

c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem [ráðherra]⁵⁾ skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.]⁶⁾

¹⁾ L. 94/1999, 1. gr. ²⁾ L. 167/2011, 1. gr. ³⁾ L. 115/1984, 1. gr. ⁴⁾ L. 126/2011, 29. gr. ⁵⁾ L. 162/2010, 93. gr. ⁶⁾ L. 52/1976, 1. gr.

■ **2. gr.** Vinningar í vöruhappdrætti fyrir [Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga]¹⁾ skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, . . . ²⁾ á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

¹⁾ L. 94/1999, 1. gr. ²⁾ L. 129/2004, 34. gr.

■ **3. gr.** [[Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.]¹⁾ Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.]²⁾

¹⁾ L. 126/2015, 2. gr. ²⁾ L. 94/1999, 2. gr.

■ **4. gr.** Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn [Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga].²⁾

¹⁾ Rg. 923/2001, sbr. 915/2003, 998/2006, 1002/2010, 1046/2012, 1081/2013 og 1066/2015. ²⁾ L. 94/1999, 1. gr.